

Nd.

**811. Breytingartillögur**

[215. mál]

við frv. til l. um skemmtanaskatt.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „1. og 2. flokki“ komi: 1., 2. og 3. flokki.
2. Við 3. gr. Staflíður e orðist svo:  
Sýningar á íslenskum kvikmyndum, og telst það sýning á íslenskri kvikmynd, ef hún tekur a. m. k. helming venjulegs sýningartíma, þótt erlend kvikmynd sé sýnd með henni.
3. Við 6. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. svo hljóðandi:  
Að því er tekur til reglugerða fyrir bæjar- og hreppsfélög, sem settar hafa verið og staðfestar samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, nr. 34 22. nóv. 1918, og enn eru í gildi, þá skal haldast réttur viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga til að innheimta í bæjar- eða sveitarsjóði skemmtanaskatt, svo sem í reglugerðunum greinir, enda fer og um önnur atriði, sem skattinn varða, eftir ákvæðum reglugerðanna. Skattur samkvæmt lögum þessum lækkar um þann hluta, sem fellur til hrepps- eða bæjarfélaga samkvæmt reglugerðunum.